


Gunnlaugur M. Sigmundsson
Hellusund 6
101 Reykjavík



Borgarfulltrúi
Halldór Auðar Svansson
Formaður stjórnkerfis- og lýðræðisráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 9.03.15

Ágæti borgarfulltrúi.

Undirritaður snýr sér til þín sem borgarfulltrúa og formanns stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sem hefur að stefnumiði „að opna stjórnkerfi og bókhald borgarinnar og bæta skilvirkni og viðmót þjónustu“. Sem íbúi og útsvarsgreiðandi í Reykjavík hef ég áhuga á því hvernig haldið er á fjármunum borgarsjóðs. Með vísan til baráttumáls þíns um að opna stjórnsýslu og upplýsingagjöf borgarinnar og sem formanns stjórnkerfis og lýðræðisráðs, fer ég með bréfi þessu fram á aðstoð þína við öflun og samantekt upplýsinga frá mismunandi aðilum innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Hinn 17. janúar s.l. var dreift til borgarbúa fjórblöðungi sem ber yfirskriftina „Bókaðu daginn“ sagt vera „Dagskrárrit Borgarbókasafns Reykjavíkur, gefið út annan hvern mánuð“. Á forsíðu er stór mynd af borgarstjóra Degi B Eggertssyni ásamt ávarpi þvert yfir forsíðuna.

Fjórblöðungi þessum er dreift inni í vikublaðinu „Reykjavík“. Ábyrgðarmaður þess blaðs Ámundi Ámundason er þekktur fyrir störf á vettvangi Alþýðuflokks og Samfylkingar og ritstjóri blaðsins Ingimar Karl Helgason mun hafa verið í framboði fyrir VG í Reykjavík.

Upplýsingar þær sem undirritaður óskar liðsinnis þíns við að afla eru eftirfarandi.

1. Hver átti frumkvæðið að þeirri ákvörðun að semja við vikublaðið Reykjavík um prentun og dreifingu umrædds dagskrárrits, þ.e. leitaði forstöðumaður Borgarbókasafns til vikublaðsins að eigin frumkvæði eða komu fyrirmæli þar um frá öðrum og þá hverjum?
2. Hvað fær vikublaðið Reykjavík greitt fyrir útgáfu, prentun, dreifingu og annað í tengslum við útgáfu Dagskrárrits Borgarbókasafns í janúar s.l.?
3. Afrit af samningi um útgáfu Dagskrárrits Borgarbókasafns við vikublaðið Reykjavík.
4. Boðað er að dagskrárrit Borgarbókasafns verði gefið út annan hvern mánuð. Óskað er upplýsinga um hvort búið sé eða til standi, að semja við vikuritið Reykjavíkurborg um að annast umrædda útgáfu til lengri tíma og ef svo er til hversu langs tíma auk upplýsinga um umsamið verð út samningstímann og afrit af samningi þar að lútandi?
5. Afrit af öllum skriflegum samskiptum sem áttu sér stað, til, frá, innan eða milli stofnana Reykjavíkurborgar um þetta efni þ.m.t. afrit af minnisblöðum og tölvupóstum um málið.
6. Kom til skoðunar að kaupa umrædda auglýsingu/dreifingu af öðrum útgefendum og hver er ástæðan fyrir því að valið var að eiga umrædd viðskipti við vikuritið Reykjavík?

Í samræmi við góða stjórnsýsluhætti væri gott ef ég fengi staðfestingu á móttöku þessa erindis ásamt upplýsingum um hvenær vænta megí svars.

Með kveðju


Gunnl.M.Sigmundsson